

Innlent | Morgunblaðið | 22.9.2018 | 5:30 | Uppfært 23.9.2018 7:00

Umhverfisstofnun segir sektir eða fangelsi eiga við



Sudeith risti íslenska hestinn í berg á Stöðvarfirði. Brot, segir UST.



Morgunblaðið

Magnús Heimir Jónasson
mhj@mbl.is

 Setja bókamerki

Umhverfisstofnun sendi bandaríska listamanninum Kevin Sudeith bréf í upphafi mánaðar, þar sem óskað var eftir upplýsingum um meint ólöglegt athæfi hans með því að rista listaverk í kletta hjá Stöðvarfirði.

Sudeith dvaldi í þrjá mánuði á Austfjörðum í sumar og risti þá áletranir á kletta og náttúrumyndanir með leyfi frá landeigendum og sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Morgunblaðið greindi frá því í ágúst að áletranir Sudeith brytu í bága við náttúruverndarlög, að mati Umhverfisstofnunar.

Í bréfi stofnunarinnar segir að Sudeith gæti verið dæmdur til að greiða að lágmarki 350.000 kr. sekt eða jafnvel í allt að fjögurra ára fangelsi. Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir í samtali við Morgunblaðið að í bréfinu séu þau að óska eftir upplýsingum frá Sudeith og útskýra hvernig þau túlka löginn.